



Stjórnarfundur FFR Fundargerð

Fundur nr.: 2014-2015: 8 • Dagsetning: 19.03.2015 • Klukkan: 11:45. – 12:45 • Fundarstjóri: Borghildur Erlingsdóttir
Fundarstaður - Ríkiskaup

Viðstödd: Borghildur Erlingsdóttir (BE), Ársæll Guðmundsson (ÁG), Guðjón S. Brjánsson (GSB), Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ) og Sigríður Lilly Baldursdóttir (SLB),
Forföll boðuðu: Gissur Pétursson (GP) og Ingibjörg Sverrisdóttir (IS)

1. Samþykki fundargerðar síðasta fundar 18. febrúar 2015. Samþykkt

2. Innleiðing laga um opinber fjármál – þátttaka FFR í vinnuhópum er hafin.

Fulltrúar félagsins taka þátt í eftirfarandi hópum:

Nr. 3. Stjórnun og eftirlit – tilnefnd: Kristín Völundardóttir


Nr. 5. Upplýsingakerfi – tilnefndur: Halldór Ó Sigurðsson

Nr. 4. Reikningshald og skýrslugerð – tilnefndar: Borghildur Erlingsdóttir og Kristín Linda Árnadóttir

BE gerð grein fyrir því að hún myndi einnig taka þátt í vinnu hóps nr. 3 um stjórnun og eftirlit. HÓS gerði grein fyrir vinnu hóps 5 um upplýsingakerfi og óskaði eftir því að fá tilnefndan fjármálastjóra í undirnefnd hópsins um áætlanagerð. Runólfur Birgir Leifsson, fjármálastjóri TR var tilnefndur. KLÁ lagði áherslu á að fulltrúar FFR hittist og samræmdu vinnu sína í vinnuhópnum. BE mun koma slíku samráði á.

Í tengslum við þessa umræðu gerð BE grein fyrir áhuga fjármálaráðuneytisins á að kynna stjórn FFR hugmyndir um hvernig nýta megi betur innkaupamátt stofnana. Um er að ræða vinnu nefndar á skrifstofu stjórnsýslu og umbóta í ráðuneytinu. Stjórn mun fá fundarboð frá ráðuneytinu á kynningu um efnið.

Hlutverk vinnuhópa



3. Verkefni um störf embættismanna og auglýsingu starfa á 5 ára fresti

Almenn umræða um verkefnið – tilgang úttektarinnar og mikilvægi. Samdóma álit að ástæða væri til að fara í greininguna til að skýra stöðuna og freista þess að eyða réttaróvissu forstöðumanna m.a með



Stjórnarfundur FFR

Fundargerð

Fundur nr.: 2014-2015: 8 • Dagsetning: 19.03.2015 • Klukkan: 11:45. – 12:45 • Fundarstjóri: Borghildur Erlingsdóttir
Fundarstaður - Ríkiskaup

vísan til breytingar sem orðið hafa á Evrópurétti síðan lögin tóku gildi og hvernig staðið er að ráðningu forstöðumanna á hinum Norðurlöndunum. Alls ekki meiningin að leggja til afturhvarf til æviráðninga og þess fyrirkomulags sem var við lýði fyrir gildistöku laganna.

Rætt hvernig afmarka mætti verkefnið frekar til að lækka kostnað.

BE falið að ræða aðkomu fjármálaráðuneytisins að kostnaði vegna greiningarinnar við Gunnar Björnsson og frekari afmörkun verkefnisins.

7. **Dagskrá funda fram að vori – samstarf við stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála.**
Ekkert samband hefur verið við stofnun stjórnsýslufræða um fundi á vegum félagsins, en BE mun leggja til dagsetningu almenns félagsfundar.
8. **Kjaramál**
Alvarleg staða kjaramála og yfirvofandi verkföll háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna almennt rædd. ÁG vakti enn á ný athygli á kjaramálum skólameistara. Þeir hafa setið eftir og fá ekki leiðréttingu launa sinna nú þegar leiðrétting hefur verið gerð á kjörum kennara og aðstoðarskólameistara. Launastrúktúr innan skólanna hefur riðlast og í einhverjum tilvikum eru aðstoðarskólameistarar með hærri laun en skólameistararnir. Ákveðið að skoða þetta mál og boða til félagsfundar um kjaramál.
9. **Formannsskipti**
BE gerði stjórn grein fyrir því að hún hygðist vegna mikilla anna ekki geta gefið kost á sér til áframhaldandi formennsku í stjórn félagsins á aðalfundi. Hún hefði áhuga á að starfa áfram í stjórn, enda áhugavert og gjöfult starf sem þar fer fram.
10. **100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi**
Á síðasta fundi var SLB falið að kanna hvort Jafnréttisstofna gæti lagt félagsmönnum til forskrift að því hvernig gera mætti úttekt á kynjamyndum sinna stofnana t.d. í ársskýrslum næsta árs. Kristín Ástgeirsdóttir tók vel í málið og hvetur forstöðumenn til að setja sig í samband við skrifstofuna og fá þá aðstoð sem þarf, ábendingar eða jafnvel námskeið. Hún bendir einnig á vef Jafnréttisstofu þar er margt áhugavert og gagnlegt.
SLB lagði til að sérstök hvatning yrði sett á heimasíðu félagsins um að nýta þessa aðstoð og þar yrði tengill á síðu Jafnréttisstofu og þá sérstaklega á eftirfarandi efni:
<http://www.jafnretti.is/D10/ Files/Jafnrettismat.pdf>.
<http://www.jafnretti.is/D10/ FILES/Jofnumleikinkynning.pdf>.
<http://www.jafnretti.is/D10/ Files/Kynjasam%C3%BE%C3%A6tting-jafnr%C3%A9ttis%C3%A1%C3%A6tlanir.pdf>.
http://www.jafnretti.is/D10/ FILES/gatlisti_2007.pdf.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:45

Fundargerð ritaði SLB